

# Uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja Ísafjarðabæjar

## - Skýrsla íþróttá og tómstundanevndar –

Aðdragandi: Í samræmi við nýja íþróttá- og tómstundastefnu sem nefndin skilaði af sér á haustmánuðum 2012 fól bæjarstjórn nefndinni að vinna skýrslu um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Hófst sú vinna í upphafi árs 2013. Þann 13. febrúar óskaði nefndin eftir þarfagreiningu frá öllum íþróttafélögum Ísafjarðabæjar innan HSV. Þann 10. júní voru þarfagreiningar félaganna lagðar fyrir nefndina.

Ferlið: Vinnan við áætlunina fór strax í gang með hliðsjón af óskum íþróttafélaganna auk þess að leitað var til starfsmanna bæjarins um hugmyndir að uppbyggingu. Við upphaf vinnunnar kom í ljós að sumt af því sem íþróttafélögin nefndu í þarfagreiningunni væri viðhald og annað nýframkvæmdir.

Bæjarstjórn óskaði eftir að nefndin gerði kostnaðaráætlun fyrir komandi framkvæmdir en nefndin telur sig hvorki hafa getu né þekkingu til þess. Tímarammi framkvæmdanna kom einnig nokkuð til tals og er settur hér til viðmiðunar.

Áætlun er unnin í samstarfi við íþróttahreyfinguna og á að endurspeglar þarfir hennar. Til sérstakrar skoðunar er skíðasvæðið með það markmið að tryggja snjó og minnka rekstarkostnað og munu tillögur þeirrar skoðunar liggja fyrir mjög fljótlega.

Í lok vinnunnar var óskað eftir umsögn almennings og gat almenningur gert athugasemd við áætlunina í gengum netið. Í athugasemdum íbúa og þarfagreiningu íþróttafélaganna kemur fram að fjögur stór verkefni standa upp úr en þau eru: bygging nýrrar sundlaugar, knattspyrnuhús (fjölnota hús), tenging frá barnalyftu upp á Miðfellssvæðið á skíðasvæðinu og líkamsræktaraðstaða.

Í áætlun þessari er lagt til að bærin geri samninga við einhver íþróttafélög með milligöngu HSV um ákveðin viðhaldsverkefni. Þetta fyrirkomulag hefur reynt vel t.d. hjá Skíðafélaginu sem hefur sett upp snjógirðingar fyrir bæinn og er það von nefndarinnar að þetta skili góðum árangri.

Það er hins vegar öllum ljóst sem lesa þessa bjartsýnu skýrslu að vagn bæjarins er þungur og því ljóst að erfitt verður að framkvæma alla þessa hluti á tilsettum tíma. Það er hins vegar trú okkar að með samstillu átaki íþróttahreyfingarinnar, einkaaðila og bæjarins, getum við skapað góðar aðstæður fyrir íþróttá og tómstundaiðkun í Ísafjarðarbæ.

### 3 ára áætlun

Hvað	Hvernig	Staðan sept 2019
Jarðvegsframkvæmdir á Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar	Undanfarin ár hefur verið unnið markviss að aðgerðum til að tryggja snjósöfnun sem hafa heppnast vel og því er mikilvægt að halda þeirri vinnu áfram. Leggja þarf áherslu á snjógirðingar við Sandfellslyftu og skoða þarf hvort mögulegt er að gróðursetja þar skjólbelti. Breikka og jafna þarf brautir á Seljalandsdal.	
Vegur upp á Seljalandsdal	Tryggja þarf gott aðgengi að Seljalandsdal m.a. með vegrið og hálkuvörn.	Lokið
Nýtt gólf í íþróttahúsið á Torfnesi	Gólfið í íþróttahúsinu á Torfnesi er sérhannað til íþróttaiðkunar og er mjög gott sem slíkt en er orðið mjög slitið	Lokið 2017-2018
Hafin verið vinna við hönnun á sundlaug og knattspyrnuhúsi á Torfnesi	Torfnessvæðið verði endurskipulagt og gert ráð fyrir því sem íþróttamiðstöð þar sem ný sundlaug og fjölnotahús yrðu staðsett auk þess að æskilegt væri að fá stærri geymslu fyrir íþróttahúsið, lyftingaaðstöðu/líkamsræktaraðstöðu og félagsaðstöðu.	Undirbúningur hafinn að uppbyggingu knattspyrnuhúss.
Endurnýja gervigras á æfingarvelli á Tornesi	Núverandi gervigras er orðið slitið og komið til ára sinna.	
Körfur fyrir yngri iðkenndur á Torfnesi	Núverandi körfur henta aðeins fullorðnum og væri því gott að koma líka fyrir minni körfum fyrir yngri iðkenndur	
Ljúka samningum við Hestamannfélagið Hendingu	Ísafjarðabær hefur átt í viðræðum við Hestamannafélagið um úrbætur á aðstöðu þeirra og telur nefndin mikilvægt að ljúka þeim sem fyrst	Lokið 2017-2018
Endurbætur á sundlauginni á Flateyri	Þar verði gert útisvæði með heitum potti, buslulaug og sólbaðsaðstöðu	Lokið
Körfuboltaaðstaða á Suðureyri	Körfuboltavöllur verði settur upp á Suðureyri í tengslum við uppbyggingu á skólalóðinni	Lokið
Skoða áframhaldandi uppbyggingu við íþróttamiðstöðina á Þingeyri	Frekari uppbygging þar verði skoðuð í samráði við heimamenn	

## 5 ára áætlun

Hvað	Hvernig	Staðan í sept 2019
Framlenging barnalyftu upp í Miðfellslyftu	Sandafellslyftan er mikill farartálmi á skíðasvæðinu vegna þess hve brött hún er og myndi framlenging barnalyftu gera skíðasvæðið mun betra til almennrar skíðaiðkunar og til æfinga.	Endurskipulag á skíðasvæðinu í ferli.
Tímatökuhús og geymsluhús við Miðfellslyftu	Skíðafélagði hefur verið öflugt í mótahaldi en í Miðfellslyftunni vantar aðstöðu fyrir tímatæki og fleira	
Snjóframleiðsla	Gera þarf ráð fyrir þrem snjónólum að lágmarki auk þess sem byggja þarf upp gott aðgengi fyrir snjóbyssurnar að vatni s.s. dæluhúsi	
Bílastæði og aðkoma að skálanum á Seljalandsdal	Lagfær og stækka þarf bílastæðið við skálann á Seljalandsdal	Í uppbyggingarsamningi við SFÍ
Sundlaug á Torfnessvæði	Ísfirðingar hafa beðið lengi eftir nýrri sundlaug og mun hún efla sundiðkun almennings og bæta aðstöðu til æfinga	
Fjölnota íþróttahús á Torfnesi	Með nýju fjölnota íþróttahúsi á Torfnesi er hægt að æfa inni fótbolta yfir veturinn og einnig geta önnur íþróttafélög nýtt sér húsið sem myndi rýmka um tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi sem er fullnýtt. Nefndin sér ekki fyrir sér að bærinn geti einn staðið undir þessari fjárfestingu og því væri aðkoma einkaaðila æskileg	Undirbúningur hafinn að uppbyggingu knattspyrnuhúss/ fjölnota íþróttahúsi.
Bætt aðstaða fyrir sjósport	Ísafjörður hefur sérstöðu hvað varðar sjósport vegna legu bæjarins og þeirra hefðar sem skapast hefur í kringum starfið og ber að styðja við það	
Færibandslyftu (töfrateppi) í barnalyftu	Með færibandslyftu geta börn og byrjendur stigið á færiband sem flytur þau upp án þess að þurfa að grípa í svokölluð jójó	
Uppbygging stúku	Uppbygging stúkunnar skoðuð í framhaldi af uppbyggingu á Torfnessvæðinu	
Geymsla fyrir mótabúnað á Seljalandsdag	Endurnýja þarf og stækka geymslu fyrir mótabúnað á Seljalandsdag	Lokið
Byggja troðaragenga	Byggja þarf troðaragenga brú yfir braut á Seljalandsdal	

## Hugmyndir íþrótt- og tómstundanefndar til uppbyggingar á almennings tómstundum

Hvað	Staðan í sept 2019
Fjallahjólbraut á Skíðasvæðum á Seljalandsdal og Tungudag	Byrjað er á uppbyggingu fjallahjólbrauta á svæðinu
Setja upp hreystitæki á völdum stöðum við gangstíga í öllum byggðarkjörnum Ísafjarðabæjar	Er komið í ferli
Mótorkross braut	
Skautasvell	
Fjölga göngustígum og gönguleiðum í bæjarfélaginu	Gengið hefur verið vel að fjölga göngustígum og leiðum í bæjarfélaginu. Verk sem haldið verður áfram með.

## Viðhald sem fara þarf í næsta ári/árum

Hvað	Staðan í sept 2019
Endurnýjun á skotklukku á Torfnesi	Lokið
Ljúka viðhaldi á vallarsvæðinu á Torfnesi (girðing og mörk)	Unnið hefur verið að endurbótum
Klára framkvæmdir á Vallarhúsi	Unnið hefur verið að endurbótum, verkinu miðar vel áfram. Uppbyggingarsamningur við Vestra
Fjölga snjógirðingum á skíðasvæði	Uppbyggingarsamningur við SFÍ
Viðgerð á tartanvellinum Tornesi	Viðgerðir fóru fram 2016. Þarf að endurskoða
Merkingar á skíðasvæði, merkingar á brautum	
Uppbygging á vallarsvæði á Suðureyri í samráði við íbúa	
Viðhald á íþróttahúsinu á Suðureyri, lagfæra þarf leka	Unnið hefur verið að hluta að endurbótum til þess að koma í veg fyrir leka
Hljóðkerfi í íþróttahúsinu á Torfnesi	Lokið 2017
Hljóðkerfi í íþróttahúsinu á Austurvegi	
Færa skurð við 4.og 5.braut á golfvelli Ísafirði	Lokið
Viðhald á Sundlauginni á Suðureyri	Lokið
Koma upp vegriði við veginn upp á Seljalandsdal og lagfæra veginn þangað	Lokið
Auka lýsingu á skíðasvæðinu	Að hluta
Setja niður festingar fyrir fánastangir	

## Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til við bæjarstjórn að gerðir verði uppbyggingarsamningar við eftirtalin íþróttafélög um ákveðin verkefni með HSV sem millilið:

Skíðafélagið SFÍ	Fjölga snjógirðingum á skíðasvæði og jarðvegsframkvæmdir á skíðasvæði 2015-2016
KFÍ/Hörður	Viðgerð á tartanvelli á Torfnesi og endurnýja leikklukku á Torfnesi. Leikkukka komin
BÍ	Ljúka viðhaldi á vallarsvæði s.s. girðingu og mörk
Blakfélagið Skellur	Útbúa strandblakvöll. Lokið
Golfklúbburinn GÍ	Uppbygging á flötum og teigum vallarins. Lokið

**Samantekt sept 2019** á 3.ára og 5 ára áætlun síðan 2012 sem er ólokið, annað er í ferli eða lokið að fullu. Hugmyndir íþrótta- og tólmstundanevndar er að mestu lokið eins og viðhaldi sem lagt var til að yrði farið í:

Hvað	Hvernig	Staðan sept 2019
Jarðvegsframkvæmdir á Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar	Undanfarin ár hefur verið unnið markviss að aðgerðum til að tryggja snjósöfnun sem hafa heppnast vel og því er mikilvægt að halda þeirri vinnu áfram. Leggja þarf áherslu á snjógirðingar við Sandfellslyftu og skoða þarf hvort mögulegt er að gróðursetja þar skjólbelti. Breikka og jafna þarf brautir á Seljalandsdal.	
Endurnýja gervigras á æfingarvelli á Tornesi	Núverandi gervigras er orðið slitið og komið til ára sinna.	
Körfur fyrir yngri iðkenndur á Torfnesi	Núverandi körfur henta aðeins fullorðnum og væri því gott að koma líka fyrir minni körfum fyrir yngri iðkenndur	
Framlenging barnalyftu upp í Miðfellslyftu	Sandafellslyftan er mikill farartálmi á skíðasvæðinu vegna þess hve brött hún er og myndi framlenging barnalyftu gera skíðasvæðið mun betra til almennrar skíðaiðkunar og til æfinga.	Endurskipulag á skíðasvæðinu í ferli.
Tímatökuhús og geymsluhús við Miðfellslyftu	Skíðafélagði hefur verið öflugt í mótahaldi en í Miðfellslyftunni vantar aðstöðu fyrir tímatæki og fleira	
Snjóframleiðsla	Gera þarf ráð fyrir þrem snjónélum að lágmarki auk þess sem byggja þarf upp gott aðgengi fyrir snjóbyssurnar að vatni s.s. dæluhúsi	
Sundlaug á Torfnessvæði	Ísfirðingar hafa beðið lengi eftir nýrri sundlaug og mun hún efla sundiðkun almennings og bæta aðstöðu til æfinga	
Bætt aðstaða fyrir sjósport	Ísafjörður hefur sérstöðu hvað varðar sjósport vegna legu bæjarins og þeirra hefðar sem skapast hefur í kringum starfið og ber að styðja við það	
Færibandlyftu (töfrateppi) í barnalyftu	Með færibandslyftu geta börn og byrjendur stigið á færiband sem flytur þau upp án þess að þurfa að grípa í svokölluð jójó	
Byggja troðaragenga	Byggja þarf troðaragenga brú yfir braut á Seljalandsdal	